

## **REGLUR**

### **um lækun kennsluskyldu akademískra starfsmanna Háskólans á Hólum**

#### 1. gr.

Háskólinn á Hólum starfrækir sjóð til að fjármagna tímabundnar breytingar á starfsskyldum kennara við skólann sem ná afburða árangri í rannsóknum. Háskólinn ákvarðar ár hvert framlag í sjóðinn við afgreiðslu fjárhagsáætlunar háskólans fyrir komandi ár. Til viðmiðunar skal vera sambærilegur sjóður við Háskóla Íslands, reiknað út frá hlutfalli framlaga til rannsókna og kennslu í lykiltölum háskóla.

#### 2. gr.

Til þess að eiga rétt á kennsluafslætti verða fastráðnir kennarar að hafa (a) uppfyllt kennsluskyldu sína að fullu síðustu þrjú ár og (b) sýnt fram á að lágmarki 10 rannsóknastig (aflstig) að meðaltali á ári síðustu 3ár. Að uppfylltum þessum skilyrðum geta kennarar fengið 200 klst. afslátt á kennsluskyldu sinni á komandi skólaári.

#### 3. gr.

Þegar stigamat liggur fyrir að hausti skal meta hvaða kennarar eiga rétt á kennsluafslætti og er þeim raðað eftir fjölda rannsóknastiga undanfarin þrjú ár. Upphæð til úthlutunar úr kennsluafsláttarsjóði ræður hversu langt niður listann er hægt að fara við ákvörðun um kennsluafslátt. Talinn er fjöldi einstaklinga sem er ofan við markið. Taka skal tillit til starfshlutfalls viðkomandi við útreikninga, þ.e. afslátturinn er minnkaður í hlutfalli við starfshlutfall viðkomandi. Kennari sem nýtur afsláttar þarf að kenna meira en sem samsvarar helmingi af veittum kennsluafslætti auk nýrrar kennsluskyldu áður en yfirvinna vegna kennslu myndast.

#### 4. gr.

Útreikningur kennsluafsláttar er á ábyrgð rannsóknasviðs. Úthlutun skal lokið eigi síðar en 1. nóvember ár hvert.

#### 5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og taka þegar gildi.

*Þannig samþykkt í háskólaráði Háskólans á Hólum, 21. desember, 2015.*

Erla Björk Örnólfsdóttir  
rektor